
Ólyginn sagði . . .



Fred Dryer

eða Hunter eins og sjónvarpsáhorfendur þekkja hann best hefur löngum langað til að verða alvörulögga. Honum finnst að hann gæti leikið betur lögregluna í sjónvarpinu ef hann fengi smjörþefin af því hvernig lífið hjá lögreglumönnum væri í alvörunni. Hann hefur nú látið þennan draum rætast. Hann fékk inngöngu á sex vikna námskeið hjá lögreglunni og stóð sig með prýði og hefur fengið leyfi til að starfa eitt kvöld í viku á strætum Los Angeles borgar. Ekki fær hann að vera jakkaklæddur, heldur verður hann að klæðast fullum skrúða eins og aðrir nýliðar.



Roseanne Barr

hatar Arsenio Hall eins og áður hefur komið fram í þessum dálki. Er það vegna brandara sem hann á til að segja um hana í sjónvarpsþætti sínum. Nú er verið að undirbúa framhald af Look Who's Talking og var Roseanne fengin til að tala fyrir stúlkubarn eitt og fær milljón dollara fyrir. Hún varð samt alveg brjáluð og vildi hætta við allt saman þegar hún frétti að Arsenio Hall hefði verið fenginn til að tala fyrir dreng. Framleiðendur myndarinnar brugðust hinir verstu við og sögðu að hún væri búin að skrifa undir samning og hún yrði að standa við hann. Sættir tókust á þann veg að upptökur með þeim tveimur fara fram í sitthvoru lagi og passað verður upp á að þau hittist aldrei.




Farah Fawcett

ásamt eiginmanni sínum Ryan O'Neal þurfti að halda tvisvar upp á fimm ára afmæli sonar þeirra. Í fyrra skiptið leigðu hjónin bíó fyrir alla krakkana sem komu í afmælið. Afmælið leystist aftur á móti upp þegar O'Neal fannst Fawcett láta einum og vel að sýningarmanninum og varð brjálaður af afbrýðisemi og munaði engu að rifrildi þeirra endaði með slagsmálum. Í seinna skiptið var ekki tekinn nein áhætta og afmælið haldið heima. Það fór þó ekki betur en svo að einn krakkinn braut antikvasa sem metinn er á sex hundruð þúsund krónur.


Frumleg listaverk á Kjarvalsstöðum

Tvær sýningar voru opnaðar á Kjarvalsstöðum á laugardaginn, í vestursal opnaði Steinunn Þórarinsdóttir sýningu á höggmyndum og í austursal var opnuð sýning á útskriftarverkum nemenda í Myndlistar- og handíðaskóla Íslands.


Gestum á laugardag þótti mikið til sýninganna beggja koma og er óhætt að segja að frumleikinn hafi verið í fyrirrúmi hjá hinum ungu myndlistarmönnum. Þá vakti einnig mikla athygli sýning Steinunnar, en austursalur var myrkvaður að því undanskildu að ljós lýstu upp myndverkin.




Hvað skyldi nú þetta vera? gæti farið um huga litlu stúlkunnar sem hér virðir fyrir sér eitt verkið á sýningu myndlistarnemanna.



Hér má sjá eitt myndverka Steinunnar Þórarinsdóttur. Eins og sjá má er aðeins lýsing á verkið.



Sjálfsagt lætur hann ekki mikið ofan í sig þessi furðukarl sem situr hér til borðs. DV-myndir BG



Það er tilfinning í blúsnum

Eins og alkunnugt er var djassað úti um alla borg í síðustu viku á Djassdögum útvarpsins. Er það mál manna að djassvikan hafi tekist með eindæmum vel og var vel mætt á krárnar öll kvöldin. Blúsin var ekki útundan þótt ekki hafi farið eins mikið fyrir honum. Á fimmtudagskvöld lék Tregasveitin á Fimmunni og var mikið fjör. Þessi mynd er tekin af þeim Halldóri Bragasyni til vinstri, sem að vísu er ekki í tregasveitinni en lék með þeim smátíma, og Pétri Tyrfingssyni þar sem þeir kyrja blúsinn af mikilli tilfinningu.

Írskir þjóðlagaboltar í Ölveri



Um helgina skemmti borgarbúum hin frábæra írska þjóðlagasveit Stockton's Wing í Ölveri í Glæsibæ. Gestir tóku þeim með miklum fagnaðarlátum enda er hér á ferðinni sveit sem hefur ferðast um allan heim og hlotið mjög góðar viðtökur. Myndin var tekin af þeim á sviðinu í Ölveri.

DV-mynd Hanna